

Fundargerð stjórnar BÍS 03/2016, miðvikudaginn 17. febrúar 2016 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs, Kristinn Ólafsson formaður fjármálaráðs. Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir tengiliður upplýsingaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir formaður ungmennaráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi:

Bragi Björnsson skátahöfðingi.

Dagskrá:

- 1) Setning: Fríður Finna bauð fólk velkomið og setti fundinn.
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
- 3) Yfirlit stjórnarmanna
 - a) FFS: Vinnufundur félagaráðs gekk vel. Markmið að vera tilbúin með uppsetningar á sjálfsmatskerfi fyrir skátapiing. Sótti félagsforingjafund sl. laugardag.
 - b) BS: Ungmennapiing var um síðustu helgi í skátaheimili Kópa og var mikil aukning á þátttöku milli ára. Skemmtilegt og vel heppnað þing.
 - c) UGS: Það var einn umsækjandi í starf rekka og róverráðgjafa. Starfslýsing er áfram í vinnslu og þróun. Verkaskipting í ráðinu mun rótera en mikilvægt að ljóst sé hver sér um hvað. RS-gangan verður endurvakin – sjálfsprottinn viðburður en dagskrárráð mun styðja við skipulag. Þau eru að vinna í ramma utan um forsetamerkið.
 - d) KÓ: Bókhalld BÍS og dótturfélaga farið til endurskoðanda. Skoðaði húsnæði á Granda fyrir Þjóðþrif, það lítur vel út en þarf svolitla yfirhalingu til að verða nothæft. Fáum húsnæðið frá Reykjavíkurborg.
 - e) ÓP: Gilwell 2. skref verður nk. laugardag, margir skráðir. Þau eru að vinna í að stækka Gilwell teymið. Tveir skátar eru að skipuleggja framhaldsnámskeið fyrir leiðbeinendur almennt, verður haldið í vor. Innihaldið er skipulagstjórnun-kennsla á námskeiðum. Tveir úr fræðsluráði ætla ekki að gefa kost á sér í ráðið aftur, verið að leita að fólki.
 - f) HDS: Fór í viðtal við Rás1, fékk tvo unga skáta með sér. Þau kynntu skátastarfið. Ungir talsmenn fara í samstarf við N4 sjónvarpsstöðina á Akureyri.
 - g) JÞG: Fundað hjá alþjóðaráði, margir vilja koma erlendis frá og hitta íslenska skáta. Roverway í Frakklandi, hitta WSM fólk á fundi á eftir, vinna við framboð Huldu Sólrúnar Guðmundsdóttur.

4) Meginviðfangsefni 1:

- a) Skátapíng. Dagskrá rædd. Rödd ungra skáta kemur inn á dagskrá Skátapíngs. WSM og Landsmót verður með kynningu á skátapíngi. Þjóða þeim sem vilja koma sínu á framfæri að vera með kynningarborð s.s. Vormót Hraunbúa og Viðeyjarmót Landnema.
- Möguleg skipting á umræðuborð, formenn ráða settir á sín umræðuefni, vantar umræðustjóra á önnur borð:

Umræðuhópar á Skátapíngi mars 2016

	Borð 1	Borð 2	Borð 3	Borð 4	Borð 5	Borð 6	Borð 7
Kl 13	Alþjóðaráð (JÞG)	Dagskrárráð (UGS)	Félagaráð (FFS)	Fjármálaráð (KÓ)	Fræðsluráð (ÓP)	Ungm.-ráð (BS)	Uppl.-ráð (HDS)
Kl 14	Umbun foringja	Bland í poka og Startup!	Tíðni landsmóta	Búninga- og merkjamál	Opið umræðuefni	Opið umræðuefni	Opið umræðuefni
Kl 15	Alþjóðaráð (JÞG)	Dagskrárráð (UGS)	Félagaráð (FFS)	Fjármálaráð (KÓ)	Fræðsluráð (ÓP)	Ungm.-ráð (BS)	Uppl.-ráð (HDS)
Kl 16	Umbun foringja	Bland í poka og Startup!	Tíðni landsmóta	Búninga- og merkjamál	Opið umræðuefni	Opið umræðuefni	Opið umræðuefni

Nánari skýringar:

45 mínútur í umræður, 15 mínútna bil milli umræðuhópa.

1. Fagsviðin eru grundvöllur umræðuhópanna
2. Greiðslumál foringja (umbun, gjafir, annað?)
3. Hvað viltu gera með Bland í poka og Startup! ? Upplegg og tímasetning
4. Tíðni landsmóta
5. Búninga- og merkjamál – nýjar tillögur

5) Mál til kynningar:

- a) Fjármál. Kynning á Roverway og Eurominijam – áætlun samþykkt.
- b) Starfsyfirlit starfsmanna liggur frammi rafrænt.

6) Mál til bókuunar:

- a) Félagsforingjafundur. Fundurinn var haldinn 13. febrúar, fundargerð liggur frammi og athugasemdir við hana óskast fyrir næsta stjórnarfund.
- b) Reglugerð um skátabúning. Hafa bæði WAGGGS og WOSM merkin á búningnum en ekki samkrull í einu merki, það er ólöglegt. Tillaga um skátabúninginn verður send út með fundargögnum á þingið. Punktur frá BB verða geymdir og unnið með þá að loknu þingi ásamt punktum sem koma fram á þinginu.

- c) Stefnunótun Úlfljótsvatns. Búið að borga síðustu greiðslu í Úlfljótsvatn, afsal liggur hjá sýslumanni svo því ferli er að ljúka. Erindi um Úlfljótsvatn og áframhaldandi deiliskipulag var samþykkt.
- d) Reglugerð um Styrktarsjóð skáta. Verður uppfærð skv. þeim tillögum sem voru kynntar á félagsforingjafundi og verða lagðar fyrir skátaþing.
- e) Fjáröflunarstefna BÍS. Lögð fram til kynningar og verður lögð fram til samþykktar á næsta stjórnarfundi.
- f) Fundur með þingmönnum í kjördæmaviku. Fundurinn gekk vel, sex þingmenn mættu, fjórir úr stjórnarandstöðu og tveir úr stjórnarliði.
- g) Fundargerð Úlfljótsvatns lögð fram til kynningar.
- h) Fundargerðir Skátabúðarinnar ehf. og Þjóðþrifa ehf. lagðar fram til kynningar.
- i) Erindi um dagskrá- og fræðslumál, tillaga um vinnu verkefnabókar og forsetamerkis lagt fram.
 - i) Handbók rekkaskátaforingja, megintextinn tilbúinn, þarf að fullvinna og setja í prentun.
 - ii) Leiðarbók fyrir rekkaskáta þarf að vinna ásamt forsetamerkisbókinni. Þetta verða tvær bækur – útskýring á starfsgrunninum og svo forsetamerkisbókin (vegabréf) sem er umgjörð fyrir starf og markmið hvers skáta fyrir sig.
 - iii) Leiðarbók fyrir róverskáta – drög komin sem þarf að vinna áfram. Formenn dagskráráðs, ungmennaráðs og fræðsluráðs vinna efnið áfram.
- j) Trúnaðarmál – færð í trúnaðarbók

7) Önnur mál

- a) WSM kynning verður á næsta stjórnarfundi.
- b) Ný útgáfa af skátaheitsverkefnum er komin á sharepoint– fundarmenn beðnir að skoða fyrir næsta fund.
- c) Óskað eftir því að boða stjórn landsmóts á fund – verður gert á næsta eða þarnæsta fundi. Stjórnir WSM17 og LM16 mæta á sitt hvorn stjórnarfundinn. Beðið um að senda þakkarbréf frá stjórn til landsmótsstjórnar og wsm-stjórnar um vel unnin störf. Hvatningu og góð orð. Unu falið að senda bréf fyrir hönd stjórnar.
- d) Á næsta fundi verður tekið meira fyrir um sjálfsmatskerfið.
- e) Uppstillingarnefnd: vera dugleg að auglýsa störf ráðanna til að fá fleiri til að vera reiðubúin að vinna í ráðunum. Búa til starfsramma og lýsingu á störfum ráðanna. Verði tilbúið mánuð eftir skátaþing.
- f) Pósta myndum af okkur 22.feb á heimasíðu skátanna til að kynna og gleðja. Una sendir leiðbeiningar.
- g) WSM hefur óskað eftir því að það verði stofnuð sérstök heiðursnefnd fyrir mótið. Forseti, borgarstjóri o.fl. stórir aðilar og þeir tilnefni aðila til að fara í nefndir. Samþykkt og lagt til að skátahöfðingi taki verkið að sér.
- h) Formaður heimsstjórnar (Joao) kemur í mars og það er verið að undirbúa dagskrá. Dagskrá verður send til stjórnar og mikilvægt að nýta þetta tækifæri til að kynna skátastarf og fá Joao til að tala við fjölmiðla. Jón Þór og Bragi taka þetta mál áfram með Hermanni.

Næsti fundur verður 2. mars.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20:30

Fundargerð ritaði SÁ.